



VELFERÐ

MÁLGAGN OG FRÉTTABRÉF HJARTAHEILLA

30. árg. 2. tbl. desember 2018





Þú færð rafrænu jólakortin hjá okkur

Sendu jólakortin rafrænt og styrktu gott málefni

www.hjartaheill.is





Frá ritstjóra

Hjartaheill í þrjátíu og fimm ár



Hjartasjúkdómar hafa löngum verið til staðar en það var ekki fyrr en upp úr miðri síðustu öld sem þeir fóru að færast í aukana. Nú er talað um lífsstílsjúkdóma, þ.e. þá sjúkdóma sem hafa komið til sögunnar eftir að við förum að hafa það betra, fengum nægan mat og þurftum minni hreyfingu og erfiði í vinnu okkar. Áður herjuðu á okkur skortsjúkdómar af ýmsum toga og berklarnir voru skæðir á fyrri hluta tuttugustu aldarinnar.

Lengi vel höfðum við ekki þekkingu, búnað eða mannafla til að bregðast við þessum nýja vanda. Það eru aðeins fjörutíu ár síðan hjartalækningar Íslendinga fóru að miklu leyti fram erlendis, í London eða Ameríku. Eftir því sem þessi vandi jókst og fleiri sérfræðingar sneru heim frá námi erlendis varð ljóst að við svo búið mátti ekki standa, enda var staðan þannig þá, að um 50% dauðsfalla mátti rekja til hjarta- eða æðasjúkdóma og biðlisti var að komast í aðgerðir erlendis. Oft þurfti einn eða fleiri úr fjölskyldunni að fylgja sjúklingnum eftir og þetta ferli var afar dýrt.

Árið 1983 var gefin heimild til þess hefja hjartaskurðaðgerðir hér á landi. Menntaðir læknar voru til staðar en nánast enginn tækjabúnaður og því úr vöndu að ráða.

Landssamtök hjartasjúklinga, sem nú heita Hjartaheill, voru stofnuð 1983 með það að aðalmarkmiði að safna fé til tækjakaupa og búnaðar svo hægt yrði að fá þessa þjónustu hingað heim. Margir þeirra sem stóðu að stofnun-

inni höfðu reynt á það á eigin skinni hvernig var að þurfa að sækja þessa lífsnauðsynlegu þjónustu til útlanda.

Kjörorðið varð snemma: „Tökum á ... tækin vantar“, og eldmóður og atorka stofnendanna var ótrúleg. Í upphafi var safnað fyrir hjartasónartæki, sem var afhent Landspítalanum og fljótlega fylgdi hjartaþræðingartæki og hjartasíritar með hugbúnaði. Þannig var haldið áfram með góðum árangri enda var fljótlega farið að gera flestar aðgerðir hér heima.

Á þeim þrjátíu og fimm árum sem liðin eru frá stofnun Hjartaheilla hefur sem betur fer margt breyst á sviði hjartalækninga á Íslandi. Hér er til staða hátækniþúnaður, þrautreynt og vel menntað starfslíð og aðstaðan gefur ekki eftir því besta sem þekkist erlendis.

Ekki er ætlunin hér að þakka samtökunum allt þetta en hitt er óumdeilt að þau hafa lagt þung lóð á vogarskálarnar. Söfnunarfé Hjartaheilla og deildanna vítt um landið á þessum tíma má mæla í milljörðum á núvirði og hefur sannarlega auðveldað þessa þróun.

Hjartaheill og önnur sambærileg samtök eru ómetanleg í þjóðfélaginu og hafa reynst árangursrík leið til að virkja vilja og samstöðu almennings til góðra verka.

Pétur Bjarnason

Efni blaðsins

- 3** Frá ritstjóra
- 4** Pistill formanns
- 5** Aðalfundur Hjartaheilla 2018
- 8** Yfirlit um hjartalækningar á Íslandi
- 11** 41. sambandsþing SÍBS
- 12** Hjartaheill í 35 ár
- 17** Hjartaheill starfsárið 2018
- 18** Deildir Hjartaheilla
- 20** Þegar þokunni léttir
- 23** Fréttapistill úr Þingeyjarsýslum
- 24** Golfmót Hjartaheilla
- 25** Vátrygginafélögin styrkja Hjartadeild
- 26** Ætlað samþykki lögfest

Velferð

málgagn og fréttabréf Hjartaheilla.

Útgefandi: Hjartaheill, Síðumúla 6, 108 Reykjavík, sími: 552 5744.

Heimasíða Hjartaheilla: hjartaheill.is

Ritstjóri og ábyrgðarmaður: Pétur Bjarnason.

Ritnefnd: Ásgeir Þór Árnason, Sveinn Guðmundsson

Prentun og umbrot: Guðjón Ó

Forsíðumynd: Kvöldsól og regnbogi á Haganesi séð frá Bíldudal

Ljósmynd: Pétur Bjarnason, 21. júlí 2016, kl. 23:15

Upplag: 7.100
Aðsendar greinar eru á ábyrgð höfunda.





Frá formanni



Það er magnað þetta líf í sorg og gleði

Það er magnað þetta líf. Við erum heppin að fá að upplifa þá töfra sem lífið býður upp á. Vissulega eru andstæður þar sem takast á sorgin og gleðin. Það að missa ástvin er eitt erfiðasta áfallið sem við verðum fyrir og það er engin auðveld leið að halda áfram. Við verðum að finna hugrekki til að lifa með sorginni. Í gleðinni deilum við með vinum okkar draumum og sigrum. Við þurfum sjálf að skapa okkur eigin framtíð með eigin draumum og takmörkum og láta ekkert standa í vegi fyrir okkur. Leggjum því af stað í ferðalag í átt að takmarkinu. Þú og ég. Breytum sorg í gleði, von í vissu. Eina leiðin til að sjá framtíðina fyrir er að skapa sér hana sjálfur.

Hraðinn í samfélaginu er mikill. Öll vandamál sem við upplifum eiga sér lausnir og svör. Sumir ganga svo langt að segja að það séu engin vandamál, við veljum frekar að búa þau til. En lífið er ekki svona einfalt. Einhvers staðar er sagt að við ráðum ekki stafrófi lífsins og bókstafnum sem okkur er úthlutað fáum við ekki ráðið heldur.

Andstæðurnar í náttúrunni er fyrir hendi, sól á móti rigningu, logn á móti roki. Við stjórnnum ekki þessum öflum en við njótum þeirra og stundum hristir þetta upp í okkur og hjálpar okkur að vakna.

Það að verða skyndilega veikur vekur upp margan góðan manninn. Við stjórnnum ekki slíku óvæntu áfalli frekar en náttúruöflunum. Við getum treyst á það besta sem til staðar er, frábært heilbrigðisfólk sem hjálpar okkur til að ná heilsu, eða allavega gera sitt besta til þess að hlúa að okkur. Ekki förum við að rífast við rigninguna eða snjókomuna. Að vera nálægt náttúrunni, sleppa tökunum og reyna ekki að stjórna því sem við fáum engu um ráðið og vera þakklát fyrir að vera á lífi er góð byrjun. Þvílík gjöf. Að njóta líðandi stundar er það sem skiptir máli. Augnablikið er fullkomið.

Leyfum okkur því að njóta. Hjálpumst að og lærum hvert af öðru. Gleðjumst yfir öllu og engu. Styrkjum hvert annað og hættum að berjast og metast. Upplifum samkenndina. Sættum okkur við augnablikið. Sleppum tökunum. Deilum gleðinni okkar. Brosum og hlæjum í dag, ekki seinna.

Hjartaheill er þrjátíu og fimm ára í ár. Í starfi okkar höfum við reynt af fremsta megni að tryggja sem best að sem flestir séu upplýstir um stöðu sína með reglulegum mælingum á blóðþrýstingi og blóðgildum víða um land. Það er liður í vitundarvakningu um hjarta- og æðasjúkdóma, með aðkomu SÍBS og fleirum í landsverkefni til fjölda ára. Þá höfum við varið miklum fjármunum til tækjakaupa heilbrigðisstofnanir og útbúið fræðsluefni til dreifingar í formi rita og myndbanda. Jafningjafraeðsla er enn fremur mikilvægt verkefni til að hlúa að. Þá er sjálfbodaðastarfið öflugt á landsvísi og félagafjöldinn hefur hátt í það tvöfaldast.

Við höfum einblínt á það að byggja betri framtíð fyrir fjöldann, bættu lýðheilsu og lífsgæði. Við áttum okkur draumsýn og lögðum af stað í ferðalag í átt að takmarki. Við vildum breyta sorg í gleði, von í vissu. Við teljum okkur hafa lifað drauminn okkar.

Á hátíð ljóss og friðar óskum við öllum gleðlilegra jóla, árs og friðar.

Lifðu drauminn þinn og byrjaðu núna.

Sveinn Guðmundsson, formaður Hjartaheilla og SÍBS.





SÍBS húsið.

Frá aðalfundi Hjartaheilla 2018

Aðalfundur Hjartaheilla 2018 var haldinn föstudaginn 14. september 2018 kl. 13:00 í SÍBS húsinu, Síðumúla 6.

Formaður, Sveinn Guðmundsson, setti fundinn, bauð fundarmenn velkomna og tilnefndi Ásgeir Þór Árnason sem fundarstjóra og fundarritara. Síðan flutti Sveinn skýrslu stjórnar.

Hér á eftir fara helstu atriði úr skýrslu stjórnarinnar.

Frá skrifstofunni

Starfsárið 2017 var með hefðbundnum hætti hjá samtökunum.

Á skrifstofu Hjartaheilla störfuðu Guðrún Bergmann Franzdóttir, Kjartan Birgisson, í hlutastarfi og Ásgeir Þór Árnason, framkvæmdastjóri. Skrifstofan var lokuð í júlí og mun svo vera framvegis.

Kjartan Birgisson hefur séð um losun söfnunarbauka á höfuðborgarsvæðinu og á Keflavíkurlugvelli. Þessi fjáröflun er samtökunum afar mikilvæg og er orðin ein helsta tekjulind samtakanna.

Jóla kortasalan fór fram í nóvember og desember, en vart verður við mikinn samdrátt í kortasöluinni. Jólabingó Hjartaheilla og S.L. var haldið í desember 2017 og var mjög vel sótt. Þá spilaði Stórsveit SÍBS fyrir Neistann og Astma- og ofnæmisfélagið.

Velferð kom að vanda út tvisvar á árinu með fræðslu, fróðleik og fréttir.

Í febrúar 2017 fór fram formleg afhending á tveimur þrekhjólum til Heilbrigðisstofnunar Norðurlands – Húsavík. Gjöfin er gefin af Styrktarsjóði hjartasjúklinga og Hjartaheill Þingeyjarsýslum.

Efnt var til merkjasölu í apríl, sem gekk mjög vel og var hagnaður hálf fimmta milljón króna.

Samtökin hafa staðið að gerð og útgáfu á fræðslumyndum um hjartasjúkdóma, hjartaaðgerðir, endurhæfingu og forvarnir.

Hjartaheill og Lyfsalinn í Glæsibæ tóku upp samstarf í formi afsláttar fyrir félagsmenn Hjartaheilla og annarra aðildarféлага SÍBS.



Fráfarandi stjórn Hjartaheilla.

Hjartaheill og Artasan undirrituðu samstarfssamning um sölu á Microlife blóðþrýstingsmælum, en Hjartaheill hefur notað Microlife blóðþrýstingsmæla við mælingar um allt land undanfarin 15 ár með mjög góðum árangri. Auk þess fær Hjartaheill 500 krónur af hverjum seldum mæli. Mælana er hægt að kaupa í apótekum og í SÍBS versluninni. Febrúarmánuður var tileinkaður GoRed átakinu á ýmsan máta svo sem vant var, en níu ár eru síðan Ísland fór í samstarf með Alþjóðlegu hjartasamtökunum



Þrír úr framvarðasveit Hjartaheilla, Kjartan Birgisson, Kristján Smith og Guðmundur R. Óskarsson.

og GoRed verkefninu sem leggur megináherslu á konur og hjartasjúkdóma. Hjartaheill hafa tekið virkan þátt í kynningarstarfi GoRed samtakanna ásamt fleiri félögum

Mælingastarf og viðburðir

Þá hafa Hjartaheill og SÍBS staðið fyrir mælingum á blóðþrýstingi, blóðfitu og blóðsykri, púls og súrefnismettun í blóði verið mæld, gerð öndunarpróf, mittismál og gripstyrkur mæld. Þátttakendum býðst einnig að taka þátt í lýðheilsukönnuninni – Líf og Heilsa. Fjallað hefur verið um þessar mælingar í Velferð.

Hjartaheill styrkti fjóra hjúkrunarfræðinga af Reykjalundi til námsferðar til að skoða endurhæfingarstöðvar í Þýskalandi.

Hjartaheill tók þátt í sýningunni **Fit og Run** í Laugardalshöll í ágúst í samvinnu við Neistann. Hjartaheill gaf þá boli sem Margt smátt gaf samtökunum.

Reykjavíkurmaraþon Íslandsbanka var hlaupið 20. ágúst 2017. Mikil stemning var og safnaðist 363.571 króna til Hjartaheilla. Hjartaheill þakkar öllum hlaupurum sem hlupu fyrir samtökin hjartanlega fyrir stuðninginn.

Ellefta hjartadagshlaupið fór fram laugardaginn 23. september s.l. Hlaupnir voru 5 og 10 km að venju. Þann 29. september 2017 kl. 17:00 var svo hjartagangan haldin.

Annað líf

Hjartaheill hefur tekið virkan þátt í samstarfsverkefninu „Annað líf“. Er þar fjallað um málefni líffæragjafa og líffæraþega og áfram lögð áhersla á að ná fram breytingu á lögum um líffæragjafir þannig að megin reglan verði „ætlað samþykki“.

Fjölgun félagsmanna

Í septembermánuði hófu samtökin átak í að fjölga félagsmönnum. Öflun ehf. sem hefur séð um söfnun styrkja í Velferð tók að sér þetta verkefni sem felst í því að hringja í landsmenn og bjóða þeim að gerast Hjartavinir og greiða



Úr fundarsal.

3.900,- kr. á ári. Alls hafa 1469 einstaklingar gerst Hjartavinir á árinu 2017. Þetta verkefni er tímalaust og mun halda áfram næstu árin.

Formannafundur Hjartaheilla var haldinn 8. desember 2017 í Síðumúla 6, Reykjavík. Nítján félagsmönnum voru þar veitt heiðursmerki Hjartaheilla.

Meðal þess sem kynnt var á fundinum var breyting á samræmdum lögum fyrir deildir Hjartaheilla að starfa eftir.

Eftir að formaður hafði flutt skýrslu sína kynnti Guðmundur R. Óskarsson og skýrði ársreikninga Hjartaheilla og Styrktarsjóðs hjartasjúklinga fyrir síðustu þrjú ár og voru þeir samþykktir.

Styrktarsjóður hjartasjúklinga til Hjartaheilla

Formaður las bréf frá stjórn Hjartaheilla og Styrktarsjóðs hjartasjúklinga þess efnis að leggja bæri styrktarsjóðinn niður og færa allar eignir sjóðsins til Hjartaheilla. Ástæður þessarar beiðni er er að tekjur sjóðsins hafa farið ört minnkandi, m.a. vegna þess að sala minningakorta er að miklu leyti úr sögunni, og Hjartaheill hefur að mestu annast styrkveitingar til einstaklinga, sem og tækjakaupa. Fjármunir sjóðsins verða áfram notaðir í sama tilgangi og fyrr, þ.e. að styrkja efnaminni hjartasjúklinga, og til tækjakaupa, sem einnig munu nýtast íslensku þjóðinni. Þá mun kostnaður minnka við þessar breytingar, m.a. vegna auglýsinga, bókhalds og endurskoðunar. Tillagan var samþykkt.

Ályktun frá aðalfundi:

„Aðalfundur Hjartaheilla 2018 lýsir yfir miklum áhyggjum varðandi stöðu mála vegna breyttra aðstæðna sem geri aðgengi að sérfræðiþjónustu hjartalækna erfiðar“.

Stjórnarkjör

Eftirtaldir skipa stjórn Hjartaheilla til næstu þriggja ára: Sveinn Guðmundsson Reykjavík formaður
Aðrir stjórnarmenn:



Sigurður Aðalgeirsson Húsavík
Magnús Þorgrímsson Borgarnesi
Valgerður Hermannsdóttir Mosfellsbæ
Friðrik Ingvarsson Egilsstöðum
Garðar Helgason Akureyri
Helga Þóra Jónsdóttir Kópavogi

Varamenn:

Guðný Sigurðardóttir Reykjavík
Ásdís Sólveigar. Sigurðardóttir Selfossi
Jónína Eyja Þórðardóttir Flateyri

Skoðunarmenn reikninga:

Margrét Albertsdóttir Hafnarfjörður
Rúrik Kristjánsson Reykjavík
Til vara Árni Jens Einarsson Keflavík

Laga- og skipulagsnefnd:

Sveinn Guðmundsson Reykjavík
Valur Stefánsson Selfossi
Sigurður Helgason Borgarnesi
Kjartan Birgisson Reykjavík
Erna Lúðvíksdóttir Garðabæ

Kjörbreifa- og uppstillingarnefnd:

Valbjörg Jónsdóttir Reykjavík
Unnur Fenger Reykjavík
Friðrik Ingvarsson Egilstöðum
Ólafur Magnússon Vesturland
Jónína Eyja Þórðardóttir Vestfjörðum

Samþykkt var að árgjald yrði óbreytt kr. 3.000

Önnur mál

Góðar umræður urðu um söfnunarbaukana, sem eru ein helsta tekjulind Hjartaheilla, minnkandi áhuga á fundahöldum sem og almennt áhugaleysi á félagsstörfum. Rætt var um erfiðleika við að fá svör við tölvupóstum sem berast formönnum / tengiliðum eða nefndarmönnum frá skrifstofunni við hin ýmsu tilefni eins og t.d. í aðdraganda þessa aðalfundar og hvatt til þess að þar yrði ráðin bót á.

Þá var rætt um þær deildir sem tæknilega eru óstarfhæfar að gera gangskör að því að leggja þær niður og festa tengiliði í sessi.

Efla þarf almenna kynningu á Hjartaheill m.a. með vönduðum bæklingi sem hægt væri að dreifa þegar farið er í mælingaferðir og við öflun á nýjum félagsmönnum.

Formaður Hjartaheilla sagði í fundarlök að mörg verkefni væru framundan hjá samtökunum. Hann þakkaði fundarmönnum góðan fund og fráfarandi stjórn þakkaði hann gott samstarf og sleit fundi. Að fundi loknum snæddu fundarmenn saman í boði Hjartaheilla.



www.linde-healthcare.is



Íslandsspil



Yfirlit um hjartalækningar á Íslandi



Hjartasjúkdómar tóku við af berklum

Í byrjun tuttugustu aldarinnar og allt fram á hana miðja var berklaveikin helsti ógnvaldur gegn heilsu fólks hér á landi og fékk nafnið: „Hvíti dauðinn“. Allt það helsta sem gert var í sjúkdómavörnum og uppbyggingu spítala og heilsuhæla tók mið af berklaveikinni á þessum tíma. Með samtökum berklasjúklinga sjálfra, sem stofnuðu Samband íslenskra berklasjúklinga, SÍBS, og nýjum lyfum náðist loks sigur í baráttunni gegn berklunum um miðja öldina. Þeim hefur nánast alveg verið haldið niðri síðan, þó alltaf greinist stöku tilfelli auk þess sem fjölonæm afbrigði hafa borist hingað til lands.

Um miðja síðustu öld eða um sama leyti og sigrast hafði verið á berklaveikinni kom til sögu nýr vágstur. Það voru hjarta- og æðasjúkdómar, sem fljótlega færðust í aukana og urðu að faraldri sem virtist erfitt að ráða við. Frá miðri öldinni og fram á síðasta áratug voru kransæðasjúkdómar algengasta dánarorsök Íslendinga. Baráttan var erfið fyrst í stað líkt og var fyrst og fremst gegn berklunum en allt frá 1980 hefur staða helstu áhættuþátta kransæðasjúkdóma batnað og ótímabærum dauðsföllum farið fækkandi, eða rúmlega 70% á síðustu þremur áratugum. Á móti kemur vaxandi offita og og sykursýki. Þá má geta þess að þrátt fyrir góðan árangur í þessari baráttu má búast við fjölgun tilfella á næstu áratugum, m.a. vegna hækkandi aldurs þjóðarinnar.

Hér á eftir verður farið yfir nokkrar stiklur úr þróun hjartalækninga hér á landi og gripið niður í fáeinum stórum áföngum á heimsvísu.

Hjartalækningar voru tæpast nefndar á nafn hér á landi fyrstu fjóra áratugi síðustu aldar.

Penicillin var uppgötvað á þriðja áratugnum, þó það kæmi ekki strax hingað til lands, og svæfingar voru innleiddar. Þá var líka nefnd hægri hjartaþræðing sem nýjung. Samkvæmt skilgreiningu á www.hjartalif.is er hægri þræðing þegar þrætt er frá bláæð um hægri hjartahólf og út í lungnaslagæð. Með hægri þræðingu er metinn þrýstingur í blóðrás, súrefnismettun og hversu miklu blóði hjartað dælir á hverri mínútu.

Á árunum 1930-1939 var tekin upp læknavakt í Reykjavík, sett almannatryggingalög og Tryggingastofnun ríkisins tók til starfa. Ekki var getið um hjartalækningar sérstaklega í heimildum á þessu tímabili.

Á fimmta áratugnum hófust aðgerðir við ósæðargúlum og hálsæðapregslum og hið nýja lyf, penicillin, var tekið í notkun hér á landi. Fyrsta endurhæfingarstöðin reis á Reykjalundi 1945.

Slysavardstofa tók til starfa 1955. Slagæðamyndataka hófst, ómun (Doppler), og ísetning gangráðs hófst á sjötta áratugnum. Fyrsta aðgerð með hjálp hjarta- lungnavélar var framkvæmd. Hjáveituaðgerðir voru gerðar í ganglimum.

Árni Kristinnsson hjartalæknir og prófessor lýsir ástandinu upp úr miðri öldinni svona:



Á Íslandi voru hjartalækningar ekki fyrirferðarmiklar fyrir hálfri öld. Sjúklingar með kransæðastíflu lágu á almennri lyflækningadeild í gamla spítalanum, fastir í rúminu fyrstu vikuna, og næstu tvær eða þrjár með hægt vaxandi fótaserð. Meðferð, auk rúmlegu, var súrefni í nös, nítróglycerín, digitalis, kínidín og kúmadín-lyf. Þeir máttu reykja að vild alveg fram í andlátíð. Um fjórðungur dó í legunni. Einu rannsóknirnar voru röntgenmynd og hjartalínurit.¹

Á sjöunda áratugnum verður vart við öra framþróun í heiminum á sviði hjartalækninga. Fyrsta hjartaígræðsla var framkvæmd 3. desember 1967 þegar suður-afríski læknirinn Christian Barnard græddi í fyrsta sinn gjafahjarta í sjúkling. Fyrsta kransæðahjáveituaðgerð var gerð um svipað leyti.

Hjartahnoð og blástur voru tekin upp og farið að beita lost-meðferð. Þá er farið að mynda heilæðar og gera aðgerðir með smásjáraðstoð. Hjartagjörgæsla var opnuð á Landspítala, stuðtæki komu til sögunnar. Hjartaþræðing, kransæðamyndataka, innanæðaaðgerðir/blásningar og rafvending hófust um svipað leyti.

Hjartasjúkdómafélag Íslands var stofnað 1968. Félagsmenn eru allir starfandi hjartalæknar.

Á sjötta áratugnum var byrjað að beita hjartahnoði og gefa raflost án þess að opna brjóstkassann. Hjartadeild var formlega stofnuð 13. júní 1969. Lítið var um mælitæki og flest skurðáhöld voru aflagðar græjur frá skurðdeildinni. Fyrsta gangráði komið fyrir í sjúklingi 1969.

Reykjavíkurrannsókn Hjartaverndar hófst 1967. Voru 30.000 einstaklingar rannsakaðir og hefur verið fylgst með þeim síðan.

Göngudeild fyrir háan blóðþrýsting og blóðfitur var stofnuð 1977.

Fyrsta hjartaþræðingin fór fram 1970 og voru rúmlega fimmtíu þræðingar fyrsta árið, aðallega á börnum vegna meðfæddra hjartagalla. Fljótlega var farið að framkvæma kransæðaðgerðir. Læknum með þjálfun í hjartaþræðingum fór að fjölga. Árið 1986 var opnuð fullkomin hjartaþræðingastofa, sem fyrsta skref í flutningi opinna hjartaaðgerða til Íslands.

microlife® Blóðþrýstingsmælar



Microlife BP A2 - Vnr: 100099

- Sjálfvirkur mælir
- Auðveldur í notkun
- Minni fyrir 30 mælingar
- Nemur hjartsláttaróreglu (PAD)
- Íslenskar leiðbeiningar



Microlife BP A6 - Vnr: 100101

- Sjálfvirkur mælir
- Stilling fyrir tvo notendur
- Nemur gáttatíf (AFIB)
- Val um eina mælingu eða þrjár mælingar í röð (MAM)
- Íslenskar leiðbeiningar

Fást í næsta apóteki!

500 kr. af hverjum mæli rennur til styrktar Hjartaheilla





Fyrsta opna hjartaaðgerðin hér á landi fór fram árið 1986 og þá hófust einnig innæðaaðgerðir og kransæðavíkkun með stoðneti. Ísetning bjargráðs fylgdi í kjölfarið. Endurhæfing hjartasjúklinga var komið á fót Reykjalundi um svipað leyti.

Hjartaaðgerðir á börnum hófust á tíunda áratugnum. Íslensk erfðagreining tók til starfa. Brennsluaðgerð á leiðslukerfi. Fóðrun ósæðargúla.

Brennsluaðgerðir á gáttatífi hófust upp úr aldamótunum 2000 og þá farið að beita kælimeðferð eftir hjartastopp.²

Á síðustu þrjátíu árum hefur orðið bylting í meðferð hjartasjúkdóma og að sögn hjartalækna má búast við mikilli framþróun áfram. Þá er sérhæfing hjartalækna innan greinarinnar orðin mun meiri en áður þekktist.

Sem dæmi um nýjungar sem hafa breytt miklu í meðferð hjartasjúklinga má nefna ný blóðþýnningarlyf, næmari mælingar á hjartaensímum, notkun blóðflæðismælinga í kransæðum til að meta þrengingar, ísetning hjartaloka með þræðingartækni, framþróun í notkun gangráða, og bjargráða, brennsluaðgerðir við gáttatífi og gáttaflökti og þrívíddarhartaómun.

Aðgerðapjarki til skurðlækninga var tekinn í notkun á Landspítala í ársbyrjun 2015. Hann nýtist vel við margvíslegar brjóstholsaðgerðir, þar með taldar hjartaaðgerðir.

Á síðari árum hefur orðið allmikil nýliðun í þessari grein. Árið 2015 voru starfandi hjartalæknar á landinu 37, en að auki fimm hjartaskurðlæknar og fimm barnahjartalæknar. Þá voru að líkindum á þriðja tug íslenskra hjartalækna starfandi erlendis, sumir þeirra í sérnámi, en fjöldi hjartalækna flutti út eftir efnahagshrunið.³

Í þessu yfirliti hefur verið dregið á það helsta sem gerst hefur á sviði hjartalækninga frá því þær fóru að eflast vegna framfara á þessu sviði á sjöunda áratug síðustu aldar. Vafalaust er það ýmislegt ótalið og annað í ósamstæðum stiklum, en vonandi gefur það nokkra hugmynd um þróunina sem orðið hefur á þessu sviði á síðustu áratugum. Hvað sem öðru líður þá hefur náðst gífurlegur árangur í baráttunni við hjartasjúkdóma hér á landi, einhver sá besti sem náðst hefur á Norðurlöndum. Það er fagnaðarefni, ekki síst þar sem Norðurlönd standa vel í þessum efnum.

Hér hefur verið dregið á helstu þætti í þróun hjartalækninga hér á landi af miklum vilja en lítilli þekkingu. Samantektin var send nokkrum helstu heimildarmönnum til yfirlestrar. Það kom undirrituðum á óvart að hvergi er enn að finna samantekt um þetta efni. Vonandi verður bætt úr því á næstu árum, því hér hefur þróunin verið ótrúlega hröð á örskömmum tíma.

Pétur Bjarnason.

1. Árni Kristinsson. „Læknablaðið 100 ára. Hjartalækningar fyrir hálfri öld.“ Læknablaðið, 09. tbl. 100. árg. 2014. Stór hluti greinarinnar er unninn upp úr þessari heimild.
2. Gestur Þorgeirsson og Högni Óskarsson. „Stiklað yfir 100 ár í þróun læknisfræðinnar.“ Læknablaðið 10. tbl. 95. árg. 2009. Með þessari grein fylgdi yfirlit um helstu áfanga í þróun læknisfræði, sem hefur verið notað hér.
3. Þórarinn Guðnason. „Hjartalækningar, stór sérgrein í hraðri framþróun.“ Læknablaðið 12. tbl. 101. árg. 2015.

Fáðu góðar vörur á góðu verði og láttu gott af þér leiða – þá vinna allir!



Plöstun

Við plöstum bækur, pakka og margt fleira



Handavinna

Við getum pakkað, brotið, merkt og ýmislegt annað



Allt fyrir skrifstofuna
Ritföng, pappír og aðrar skrifstofuvörur



Möppur
Úrval af möppum í öllum stærðum og gerðum

Kíktu á heimasíðu múlalundar – www.mulalundur.is
Þú pantar og við sendum til þín hvert á land sem er

Múlalundur | Vinnustofa SÍBS
Reykjalundur | 270 Mosfellsbær

Sími 562 8500
www.mulalundur.is





SÍBS 80 ára

41. sambandsþing SÍBS var haldið laugardaginn 27. október s.l. að Reykjalundi á 80 ára afmælisári SÍBS. Þing eru haldin annað hver ár. Seturétt áttu 85 fulltrúar aðildarfélaganna, sem tilnefna fulltrúa í samræmi við fjölda félagsmanna. Þá eiga einnig seturétt á þinginu fulltrúar stofnana og fyrirtækja í eigu SÍBS.

Eftirfarandi félagsmenn voru sæmdir gullmerki SÍBS fyrir góð störf í þágu SÍBS: Brynja Dís Runólfssdóttir, Sveinn Indriðason og Davíð Gíslason. Þá tók forseti Íslands, Guðni Th. Jóhannesson við gullmerkinu á afmælisdegi SÍBS miðvikudaginn 24. október.

Á þinginu voru lagðar fram skýrslur aðildarféлага auk þess sem félögin tilnefna fulltrúa sína í stjórn, kosinn er formaður og varaformaður stjórnar auk tveggja varamanna. Þá voru lagabreytingar og fjallað um skýrslur félaganna auk annarra mála sem á dagskrá voru.

Stjórn SÍBS skipa nú:

Sveinn Guðmundsson, formaður, Sólveig Hildur Björnsdóttir, varaformaður, Frímann Sigurnýasson, Kristín Eiríksdóttir, Pétur J. Jónasson, Selma Árnadóttir og Valur Stefánsson,

Varamenn í stjórn: Fríða Rún Þórðardóttir, Tryggvi Jónsson og Valgerður Hermannsdóttir

Á þinginu var meðal annars ályktað um heilbrigðisstefnu, sem birt er hér í blaðinu og endurnýjun rekstrarsamnings velferðarráðuneytisins við Reykjalund.

Að loknu þinghaldi sátu þingfulltrúar hátíðakvöldverð að Reykjalundi í boði SÍBS.



Hér sæma Sólveig Hildur Björnsdóttir og Sveinn Guðmundsson þau Brynju Dís Runólfssdóttir og Davíð Gíslasyni gullmerki SÍBS. Sveinn Indriðason gat ekki verið við afhendinguna.



Frá kvöldverðarhófi í þinglok.

Stefnuleysi í forvörnum

Ályktun þings SÍBS

Á þingi SÍBS sem haldið var á Reykjalundi 27. okt. s.l. var ályktað um heilbrigðisstefnu sem nú er í smíðum. Þar segir svo:

„Í drögum að heilbrigðisstefnu sem kynnt var í dag er lögð áhersla á að lýðheilsustarf verði hluti af allri þjónustu og þá sérstaklega heilsugæslunnar. Í drögunum skortir skýra stefnu í forvörnum þar sem lögð er til grundvallar innleiðing á forvörnum í allar stefnur hins opinbera, samanber Heilsuefandi verkefni landlæknis þar sem sveitarfélög, fræðslu- og menntastofnanir eru lykilþátttakendur. Jafnframt vantar inn áherslur stjórnvalda varðandi tæki sem stjórnvöld hafa til að hafa áhrif á heilsuhegðun svo sem syrgjald.“

Í greinargerð með tillögunni segir:

„Hlutverk hins opinbera í forvarnastarfi kristallast í að innleiða „heilsu í allar stefnur“ (e. health in all policies). Mikilvægt er að inn í slíka vinnu rati aðilar utan hins eiginlega heilbrigðiskerfis, svo sem menntakerfið, framhaldsfræðslan, sveitarfélögin, vinnustaðir og frjáls félagasamtök. Samhliða „heilsu í allar stefnur“ er æskilegt að komið verði á formlegu ferli um lýðheilsumat (e. health impact assessment) sem taki bæði til aðgerða opinberra aðila og einkaaðila sem líkleg eru til að hafa áhrif á lýðheilsu. Hér má minna á mikilvægi þess að leggja gjald á heilsuspillandi vörur, til dæmis syrgjald, líkt og þegar hefur verið gert með áfengisgjald og tóbaksgjald, auk fyrirbyggjandi skimunar á áhættuþáttum langvinnra og lífsstílstengdra sjúkdóma. Heilbrigðisráðherra hefur tilkynnt að unnið verði að því að leggja fram þingsályktunartillögu um heilbrigðisstefnu á yfirstandandi þingi. Skorað er á heilbrigðisráðherra að sem flest af ofangreindu verði að finna í þeirri stefnu.“



Pétur Bjarnason

Hjartaheill í þrjátíu og fimm ár



Þegar Hjartaheill fagnaði þrjátíu ára afmæli sínu var birt söguágrip Hjartaheilla. Þar var rakin saga samtakanna fram til þess tíma, en hana er einnig að finna í bókinni *Sigur lífsins – SÍBS í 75 ár 1938-2013*. Þó þykir rétt að rekja hér enn, þó í styttra máli en fyrr, söguna frá stofnun og fram á þennan dag, en áhersla lögð á síðustu fimm ár, sem marka að vissu leyti stefnubreytingu í starfi Hjartaheilla, sem helgast af breyttum þjóðfélagsháttum, viðhorfum og öðruvísi samsetningu félagsmanna en var á fyrstu árum samtakanna.

Hjartasjúkdómar fyrr og nú

Hjartasjúkdómar hafa fylgt mannkyni um aldir, en fóru fyrst vaxandi 1935 til 1980, en þá fór heldur að draga úr þeim aftur.

Hjartaþræðingar hófust fyrst á þriðja áratug síðustu aldar, en hér á landi var farið að framkvæma þær á Landspítalanum á þeim sjöunda. Um svipað leyti var farið var að mynda kransæðar. Í kjölfarið var settur gangráður í sjúkling í fyrsta sinn hér á landi, um tuttugu árum eftir að slíkar aðgerðir hófust erlendis. Ísetning bjargráðs kom á næsta áratug og eftir 1980 varð þróunin ör, kransæðavíkkun, brennsluadgerðir og flóknari skurðaðgerðir fylgdu í kjölfarið.

Á tímabilinu 1971 – 1979 mátti rekja tæplega helming dauðsfalla Íslendinga til hjartasjúkdóma. Algengast var þá að sjúklingar væru sendir til Englands í hjartaaðgerðir, en engin aðstaða var til þeirra hér heima. Árið 1985 var gefin heimild til að hefja hjartaskurðlækningar hér á landi. Menntaðir læknar voru fyrir hendi, en þjálfá þurfti annað starfslíð og útvega tækjabúnað, enda um mjög tæknivædda starfsemi að ræða.

Á þessum tímamótum reið það baggamuninn að nýstofnuð samtök hjartasjúklinga öfluðu þess fjár sem þurfti og áttu oft síðar eftir að leggja lið.

Fyrsta hjartaaðgerðin hér á landi var gerð 1986. Aðgerðir voru orðnar 270 árið 1994. Jafnhliða varð þróun í víkkun og fódurum kransæða, sem dró úr þörf skurðaðgerða, svo þeim hafði fækkað í 174 árið 1999. Þeim fjölgaði aftur og urðu 200-250 ár ári og flestar 274 árið 2008. Gangráðs- og bjargráðsaðgerðir eru yfir 300 á ári.



Anna Cronin

Í London var íslensk hjúkrunarkona, Anna Cronin, sem kom mörgum íslenskum hjartasjúklingum til aðstoðar meðan þeir dvöldu í London vegna hjartaskurðaðgerðar. Hún var sæmd Riddarakrossi hinnar íslensku fálkaorðu 1982 og kom hingað til lands af þessu tilefni. Hópur hjartasjúklinga hélt henni veglegt samsæti 1982. Þar var kannaður vilji manna til þess að stofna samtök hjartasjúklinga og tvö hundruð manns skrifuðu nöfn sín á lista. Hugmyndinni var haldið vakandi og í maí 1983 var boðað til undirbúningsfundar. Þar mættu um 100 manns og var ákveðið stofna samtök í september sama ár.



Landssamtök verða til

Stofnfundur Landssamtaka hjartasjúklinga (LHS), sem nú heita Hjartaheill, var haldinn í Domus Medica 8. október 1983. Til fundarins mættu 230 stofnfélagar. Félagsmenn gátu

allir hjartasjúklingar orðið og einnig aðrir sem áhuga höfðu á að styðja markmið samtakanna.

Markmið LHS var frá upphafi að standa fyrir fjáröflun, til þess að vinna að markmiðum samtakanna með fræðslu um hjartasjúkdóma, upplýsingaöflun og miðlun, styrkja menntun sérfræðinga og að efla samvinnu við önnur samtök hjartasjúklinga.



Fyrstu skrefin

Hjartasjúklingum var vel ljóst hvað þörf fyrir nýjan tækjabúnað á Landsspítala var orðin brýn. Því var fyrsta verk þeirra að safna fé til að kaupa á hjartasónartæki, sem hingað hafði verið lánað, erlendis frá til kynningar. Með öflugri fjársöfnun LHS tókst að halda tækinu og færa Landspítala það til eignar. Næsta verkefni var að safna fyrir nýju hjartaþræðingartæki, sem var keypt árið 1984.

Næsta ár voru keyptir þrír hjartasíritar, „Holttertæki“, á vegum LHS til að fylgjast með hjartsláttartruflunum sjúklinga og skrá þær. Gjöf LHS fylgdi hugbúnaður og ferð fyrir hjúkrunarfræðing til London til að kynna sér meðferð tækjanna. Eftir var til átaks undir kjörorðinu: „Tökum á – tækin vantar“ árið 1985 og þetta slagorð hefur sjaldnast verið langt undan enda lýsandi fyrir það sem var verið að gera.

Næsta verkefni LHS var að styrkja sjúklinga sem voru að fara til útlanda í hjartaaðgerð. Einnig tókst að fá fargjöld fylgdarmanna þeirra lækkuð um helming.

Árið 1985 voru félagar LHS orðnir um 500. Þar var samþykkt tilaga um að ráða starfsmann á skrifstofu samtakanna. Var Hallur Hermannsson ráðinn til að stýra skrifstofunni frá 1. ágúst það ár. Fram að því höfðu stjórnarmenn og aðrir áhugamenn unnið þau störf sem þurfti.

Hjartalækningar færast heim

Fyrstu hjartasjúklingarnir voru skornir upp á hjartaskurðeild Landspítalans þann 14., 16. og 18. júní 1986 og allt tókst vel. Þetta voru stórkostleg tíðindi og nánast ótrúleg. Tæpum þrem árum eftir stofnun samtakanna voru fyrstu kransæðasjúklingarnir skornir upp hér með prýðilegum árangri. Það má segja að óskir og vonir stofnenda hafi ræst með þessum áfanga.

Aðgerðirnar gengu vel, en ekki reyndist unnt í upphafi að anna þörfinni og þurfti því áfram að senda sjúklinga til London, tvo til þrjá í viku á árinu 1989. Þá höfðu verið sendir um 2000 sjúklingar til London eða USA frá því að hjartaskurðaðgerðir hófust um 1970.



HL stöðvar

Endurhæfing hjartasjúklinga á Reykjalundi hófst sumarið 1982. Fyrstu sjö árin nutu þessarar þjónustu tæplega níu hundruð hjartasjúklingar. Fljótlega kom í ljós að þörf var á viðhaldsþjálfun í framhaldinu til að halda því þreki og þoli sem áunnist hafði.

Úr varð að SÍBS, Hjartavernd og LHS stofnuðu endurhæfingarstöð og lagði hvert þeirra kr. 500.000 til stöðvarinnar í upphafi. Hún fékk nafnið Endurhæfingarstöð hjarta- og lungnasjúklinga, sem fljótlega var stytt í HL stöðin í daglegu tali. Hún var opnuð 1989 og hefur starfað óslitið síðan. HL-stöðin á Akureyri hóf starfsemi í húsi Sjálfsbjargar, Bjargi, árið 1991. Landssamtök hjartasjúklinga, SÍBS og Hjarta- og æðaverndarfélag Akureyrar og nágrennis stóðu að stofnun hennar. Einnig hafa starfað svonefndir HL hópar á vegum deilda Hjartaheilla vítt um land um lengri eða skemmri tíma.

Útgáfu og kynningarmál

Í janúar 1985, var LHS boðið að vera þáttakandi í útgáfu *SÍBS fréttu* og birta þar efni um starfsemi sína. Blaðið yrði sent ókeypis til allra félaga SÍBS og LHS. Var fréttapistill frá LHS fastur liður í *SÍBS fréttum* á næstu árum, sem þar með bárust til allra félagsmanna LHS.

Í sambandi við fimm ára afmæli LHS var gefið út veglegt afmælisrit sem hlaut nafnið *Velferð* og kom út árið 1989. Útgáfan gekk mjög vel og var ákveðið að halda henni áfram. Blaðið er sent öllum félagsmönnum og velunnurum, auk þess að því er dreift á sjúkrastofnanir og biðstofur. *Velferð* hefur komið út óslitið síðan.

Gefið verið út fjölbreytt fræðsluefni á vegum Hjartaheilla. Fyrsta útgáfan var kynningarrit um samtökin. Þá var gefið út ritið *Hjartasjúkdómar, varnir, lækning, endurhæfing* árið 1992 og hefur síðan verið endurútgífið og efnið uppfært. *Eru ljón í veginum?* hefur verið einnig vinsælt rit. Samtökinn hafa einnig gefið út myndbandið *Hjartans mál svo og Hjartabókina* sem gefin var til Hjartadeildar Landspítalans og hefur verið uppfærð eftir þörfum. Þá má nefna myndbandið *Grettir-Þroskasaga hjartasjúklings*.

Heimasíða samtakanna er www.hjartaheill.is.

Deildaskipting

Á aðalfundi 10. mars 1990 var lögum breytt og gert ráð fyrir deildaskiptingu eftir landssvæðum. Fjallað er um deildirnar á öðrum stað í blaðinu.

Styrktarsjóður hjartasjúklinga var stofnaður 1991, með stofnfé kr. tvær milljónir. Sjóðurinn starfaði á þriðja áratug, en helsti tekjustofn hans var sala minningarkorta. Sá tekjustofn er nú að verulegu leyti úr sögunni. Sjóðurinn var lagður niður 2018 og starfsemi hans sameinuð skrifstofu Hjartaheilla.

Innganga í SÍBS

Landssamtök hjartasjúklinga gengu í Samband íslenskra berkla- og brjóstholssjúklinga, SÍBS, árið 1992 og urðu um leið aðili að Öryrkjabandalagi Íslands. Við þessa ráðstöfun jókst félagatala SÍBS verulega og síðan hafa hjartasjúklingar verið stærsta félagið innan SÍBS. Hjartasjúklingar tóku strax fullan þátt í starfi SÍBS, sátu þing þess og fengu fulltrúa í stjórn.



Yfirleitt var samvinna mjög góð milli SÍBS og LHS, þó stundum væri meiningamunur á þingum. Aldrei urðu þessar deilur þó að vinslitum og hin síðustu ár eru þessi gömlu skil á milli aðildarfélaga eftir því hvernig þau tengdust SÍBS í upphafi að þurrkast út og mega heita úr sögunni.

Fjáröflun - söfnunarkúlurnar

Sala minningarkorta varð afar góð góð tekjulind eftir stofnun styrktarsjóðsins og runnu tekjur af þeim beint í sjóðinn. Merkjasala hófst árið 1985 og tókst vel Kjörórð þá var: „Tökum á –tækin vantar“. 1986 var kjörórðið: „Ert þú hjarta-góður“, 1988: „Söfnum kröftum“, 1990: „Er hjartað á réttum stað?“ og 1992: „Vinnum saman, verndum hjartað“.



Rúrik Kristjánsson lét á sínum tíma útbúa bauk með nafni og merki Landssamtaka hjartasjúklinga og lét liggja frammi í Árbæjarapóteki. Þar sem þetta gafst vel voru gerðar söfnunarkúlur úr plasti og settar í tíu apótek til viðbótar, og þær skiluðu allar góðum árangri. Þessar söfnunarkúlur hafa verið í Flugstöð Leifs Eiríkssonar, á

öllum útsölustöðum N1, í öllum lyfjabúðum og fjölmörgum verslunum. Þetta hefur reynst öflugasta og ódýrasta fjáröflun samtakanna frá upphafi og hefur skilað ófáum krónum í kassann.

Eggert Skúlason, varaformaður Hjartaheilla, hjólaði hringinn í kringum landið á þremur vikum sumarið 2005 til fjáröflunar fyrir Hjartaheill. Eggert lauk hringferðinni eftir u.þ.b. 1400 km. ferðalag á 15 dögum. Ferðin skilaði góðum tekjum til Hjartaheilla og vakti verulega athygli á málstað félagsins.

Norrænu hjartasamtökin

LHS gerðist 1992 stofnaðili að sambandi norrænna hjartasamtaka, Nordisk Hjerter Union.. Átta landssamtök stóðu að stofnuninni þar á meðal LHS. Framangreind samtök hittast einu sinni á ári og skiptast á upplýsingum um félagsstarf, fjáröflun, útgáfumál og fleira.

Neistinn – styrktarfélag hjartveikra barna

Neistinn, styrktarfélag hjartveikra barna, var stofnaður 9. maí, 1995. Neistinn varð aðili að Hjartaheillum 1996 og 11. deildin innan raða þeirra. Sama ár lögðu Hjartaheill og Rauði kross Íslands fram fimmtán milljónir króna til kaupa á hjartaómsjá fyrir börn ásamt handlækningatækjum. Á vegum Neistans var stofnaður Styrktarsjóður hjartveikra barna, árið 1997. Þá heldur Neistinn úti vefnum Hjartagáttinni og hefur gefið út blaðið *Neistann* frá árinu 2004.



Húsnæðismál

LHS var með aðstöðu í Hafnarhúsinu við Tryggvagötu fljótlega eftir að starfsemi samtakanna hófst og til ársins 1998 að flutt var í húsnæði SÍBS í Suðurgötu 8, en árið 2002, fluttist SÍBS í SÍBS húsið, Síðumúla 6 og þar er aðstaðan í dag.



Ingólfur Viktorsson var skrifstofustjóri til ársins 1999, en þá tók við starfi hans Rúrik Kristjánsson.

Ásgeir Þór Árnason, kom til starfa sem framkvæmdastjóri samtakanna síðar á sama ári og hefur gegnt því starfi síðan.



Hjartagangan

Hin árlega Hjartagangan var fyrst gengin 1991. Gangan var fyrst og fremst hugsuð til þess að undirstrika hollustu gönguferða fyrir landsmenn og hjartasjúklinga sérstaklega. Alls tóku um 4.000 manns þátt í þessari fyrstu hjartagöngu. Hjartagangan hefur verið árlegur viðburður á vegum hjartasjúklinga og var framan af alltaf gengið um hásumarið, oft í júní, en hin síðari ár oftast í september. Árið 2000 var stofnað til alþjóðlegs hjartadags, í september ár hvert, og féll það vel saman við hjartagönguna, sem síðan var tengd þessum degi. Þátttaka í hjartagöngunni hefur farið minnkandi ár frá ári og er nú varla svipur hjá sjón. Að sama skapi hafa vinsældir Hjartahlaupsins vaxið verulega, en Hjartavernd stendur að því ásamt Hjartaheillum og fleirum.



Árið 1995 var ákveðið að láta gera gullmerki LHS. Heiðursmerki úr gulli voru þá veitt því fólki sem skipuðu fyrstu stjórnina. Alls voru svo 28 einstaklingar heiðraðir með þessum hætti. Hlé varð á veitingu gullmerkja en var tekið upp að nýju á aðalfundi 2017. Síðan hefur allmörgum til viðbótar verið veitt heiðursmerkið fyrir góð störf í þágu Hjartaheilla.

Perluvinir

Perluvinir er gönguhópur sem stofnaður var í Perlunni í janúar 1999 og hefur starfað síðan. Það fellur nánast aldrei úr dagur en aðsetrið færðist inn í Glæsibæ þegar Perlunni var lokað fyrir fáum árum og er þar enn. Gangan er ávallt á laugardögum kl. 11:00.



Stórsveit SÍBS


Megnið af öldinni hefur starfað jólaballhljómsveit, sem kennir sig við SÍBS. Upphaflega var hún nefnd SÍBS bandið, en síðar þegar fjölgaði í bandinu fékk hún nafnið Stórsveit SÍBS.

Spilað hefur verið á jólaschemmtun Neistans, styrktarfélag hjartveikra barna, fyrir Astma- og ofnæmisfélagið, Foreldrafélag fatlaðra og ýmsa fleiri. Um þessar mundir eru yfirleitt þrettán til fimmtán í hljómsveitinni. Einungis er spilað á fyrrnefndum jólatrésschemmtunum, aldrei haldnar æfingar, en leikgleðin ávallt í fyrirrúmi.



Hjartadrottningar

Hjartadrottningarnar eru hópur kvenna og hluti af Go-Red hreyfingunni, sem eru alþjóðleg samtök kvenna til varnar hjartasjúkdómum. Þær gengu til liðs við Hjartaheill 2008 og



hafa síðan haft aðstöðu í Síðumúla 6 fyrir ýmsa viðburði á þeirra vegum. Haldnir hafa verið svonefndir „Go-Red“ dagar árlega, þar sem konur og hjartasjúkdómar eru í forgrunni ásamt forvörnum.

Starf innan SÍBS

Hjartaheill hafa frá upphafi stóran þátt í starfi SÍBS og átt sæti í stjórn þess. Núverandi formaður SÍBS er Sveinn Guðmundsson, sem jafnframt er formaður Hjartaheilla. Áður er getið um samstarf að áttakinu Líf og heilsa. Samstarf í SÍBS húsinu hefur ávallt verið mjög gott.

Blóðþrýstingsmælingar Líf og heilsa

Á sýningunni „Heilsa og heilbrigði“ sem haldin var í Perlunni 1995 hóf LHS ókeypis blóðþrýstings- og blóðfitumælingu fyrir almenning og voru þá mæld gildi hjá 1.200 manns. Þetta var svo endurtekið í Stykkishólmi árið 2000 og varð upphafið að því starfi Hjartaheilla sem hefur verið aðalviðfangsefni samtakanna síðustu árin.

Mælt var vítt um land á næstu árum í samvinnu við svæðisfélögin og heilsugæslu staðanna og einnig farið í stofnanir og fyrirtæki, m.a. í Alþingi og víðar. Alls staðar var þessu framtaki fagnað og víða fundust einstaklingar sem senda þurftu til frekari rannsókna eða læknis meðferðar. Til viðbótar við áður nefndar mælingar hefur einnig verið mæld súrefnismettun og kjörþyngdarstuðull.



„SÍBS lestin“, þar sem fleiri aðildarfélög SÍBS tóku þátt, fór í tíu daga ferð um Norður- og Austurland haustið 2007 og hitti þar á annað þúsund manns til mælinga og ráðgjafar. Sýndar voru fræðslumyndir og haldin fræðsluerindi í ferðinni. Samráð var haft við svæðisfélög, og heilsugæslufólk á viðkomandi stöðum lagði fram aðstöðu og vinnu. Síðan var farið í viku „SÍBS lestarferð“ til Vestfjarða árið 2009 með góðum árangri. Mælt var víðs vegar um landið í framhaldinu, og hringferðinni um landið lauk á árinu 2013. Niðurstöður úr mælingunum hafa verið teknar til ýmissa rannsókna, m.a. af háskólanemendum til þess að vinna frekar úr þeim.



LÍF OG HEILSA

Í þessu yfirliti verða ekki tíundað það sem unnið hefur verið að þessu einstök ár eða mælingaferðir en þær eru orðnar margar.

Þessi eljusemi og frumkvæði Hjartaheilla leitt til mun víðtækara samstarfs á vettvangi SÍBS, sem hefur fengið nafnið „SÍBS líf og heilsa“. Starf þess er byggt á þeim grunni sem Hjartaheill lagði með mælingum sínum og fræðslu í tengslum við ferðirnar. Það er skilgreint sem forvarnarverkefni um heilbrigði og lífsstíl í samstarfi við heilsugæslustöðvar og sveitarfélög um allt land. Mældur er blóðþrýstingur, blóðfiti, blóðsykur, súrefnismettun og fleira og þátttakendum er boðið að taka þátt í könnun um lífsstíl og heilsufar sem snertir á flestum áhrifaþáttum heilbrigðis.



MÁTTARSTÓLPAR

Aðilar að þessu verkefni eru SÍBS, Hjartaheill, Samtök lungnasjúklinga og Samtök sykursjúkra. Farið hefur verið vítt og breitt um landið á vegum þess og þúsundir hafa mætt í mælingar og fræðslu. Máttarstólpur SÍBS styðja þetta verkefni með frjálsum framlögum og gera þetta starf þannig mögulegt. Ítarlega hefur verið fjallað um þetta í síðustu tveimur tölublöðum Velferðar.

Hlutverk Hjartaheilla er:

- að sameina hjartasjúklinga, aðstandendur þeirra og áhugafólk um heilbriggt hjarta
- að stuðla að betri heilsu og bættum lífsgæðum í íslensku samfélagi, með áherslu á framfarir í forvörnum, fræðslu og meðferð hjartasjúkdóma
- að standa vörð um hagsmuni og réttindi hjartasjúklinga
- að starfa faglega að framfylgja markmiðum samtakanna

Framtíðarsýn Hjartaheilla:

Hjartaheill verði öflug hagsmunasamtök á sviði heilbrigðismála á Íslandi með stóran og virkan hóp félagsmanna.

Hjartaheill verði leiðandi við að bæta lífsgæði landsmanna með eflingu forvarna og fræðslu um hjartasjúkdóma.

Formenn LHS / Hjartaheilla frá upphafi:

Ingólfur Viktorsson	1983 – 1990
Sigurður Helgason	1990 – 1996
Gísli J. Eyland	1996 – 2000
Vilhjálmur B. Vilhjálmsson	2000 – 2007
Guðmundur Bjarnason	2007 – 2015
Sveinn Guðmundsson	2015 –



Alþýðusamband Íslands



inter Medica.



INGILEIFUR
JÓNSSON



Dedicated to People Flow



HSN Heilbrigðisstofnun
Norðurlands



Hjartaheill starfsárið 2018

Starfið var að mestu með hefðbundnum hætti.

Á skrifstofu Hjartaheilla störfuðu Kjartan Birgisson, í hlutastarfi og Ásgeir Þór Árnason, framkvæmdastjóri. Skrifstofan var lokuð í júlí og mun svo verða framvegis. Guðrún Bergmann Franzdóttir hætti störfum í lok síðasta árs eftir margra ára farsæl störf. Hún hefur lagt Hjartaheillum lið eftir sem áður með margvíslegum hætti.

Hjartaheill og Lyfsalinn í Glæsibæ tóku upp samstarf í formi afsláttu fyrir félagsmenn Hjartaheilla og annarra aðildarféлага SÍBS.

Hjartaheill og Artasan undirrituðu samstarfssamning um sölu á Microlife blóðþrýstingsmælum, en Hjartaheill hefur notað Microlife blóðþrýstingsmæla við mælingar um allt land undanfarin 15 ár með mjög góðum árangri

Auk þess að bæta úr þörf félagsmanna Hjartaheilla fyrir að eignast slíka mæla þá fær Hjartaheill 500,- kr. af hverjum seldum mæli til starfsemi samtakanna. Mæla-ana er hægt að kaupa í apótekum um allt land og í SÍBS Versluninni í Síðumúla 6, Reykjavík.

Febrúarmánuður var tileinkaður GoRed átakinu á ýmsan máta svo sem vant var en níu ár eru síðan Ísland fór í samstarf með Alþjóðlegu hjartasamtökunum og GoRed verkefninu sem leggur megináherslu á konur og hjartasjúkdóma. Hjartaheill hafa tekið virkan þátt í starfi GoRed samtakanna ásamt fleiri félögum.

Efnt var til merkjasölu í apríl, sem gekk mjög vel og gaf hálfa fimmtu milljón króna.

Þá hafa Hjartaheill og SÍBS staðið fyrir mælingum á blóðþrýstingi, blóðfitu, blóðsykri, púls, súrefnismettun í blóði hefur verið mæld, gerð öndunarpróf, mittismál mælt og gripstyrkur. Þátttakendum býðst einnig að taka þátt í lýðheilsukönnuninni – Líf og Heilsa. Fjallað hefur verið um þesar mælingar í Velferð.

Hjartaheill styrkti á síðasta ári fjóra hjúkrunarfræðinga af Reykjalundi til námsferðar til að skoða endurhæfingarstöðvar í Þýskalandi.

Hjartaheill tók þátt í sýningunni **Fit og Run** í Laugardalshöll í ágúst í samvinnu við Neistann. Hjartaheill útdeldi þá bolum sem Margt smátt gaf samtökunum.



Það er vaskur hópur mælingafólks sem fer í mælingaferðir út um allt land. Hér er hann staddur á Norðurlandi.

Reykjavíkumaraþon Íslandsbanka var hlaupið 18. ágúst 2018. Mikil stemning var og söfnuðust 363.571 krónur til Hjartaheilla. Hjartaheill þakkar öllum hlaupurum sem hlupu fyrir samtökin hjartanlega fyrir stuðninginn.

Ellefta hjartadagshlaupið fór fram laugardaginn 23. september s.l. Hlaupnir voru 5 og 10 km að venju. Þann 29. september 2018 var hjartaganagan haldin.

Hjartaheill hefur tekið virkan þátt í samstarfsverkefninu „Annað líf“. Er þar fjallað um málefni líffæragjafa og líffæraþega og áfram lögð áhersla á að ná fram breytingu á lögum um líffæragjafir þannig að megin reglan verði „ætlað samþykki“.

Söfnunarbaukar á höfuðborgarsvæðinu og á Keflavíkurflugvelli hafa verið samtökunum afar mikilvæg tekjulind og er orðin ein af stærstu fjáröflunum samtakanna.

Á síðasta ári hófu samtökin átak í að fjölga félagsmönnum. Átakið hefur gengið afar vel og gerðust 1469 einstaklingar Hjartavinir á árinu 2017, en félagsmenn eru nú um 4.400 talsins.

Aðalfundur Hjartaheilla var haldinn 14. september 2018 í Síðumúla 6, Reykjavík. Sagt er frá fundinum á öðrum stað í blaðinu.

